

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. apríl 2019

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um pósthjónustu (erlendar póstsendingar og rafrænar sendingar), 739. mál.

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 3. apríl 2019.

Í frumvarpinu eru lagt til að rekstrarleyfishafa verði gert heimilt að gera sérstaka gjaldskrá fyrir erlendar póstsendingar og að gjöldin sem þar verða tilgreind skuli greiddast af viðtakendum sendinganna. Í frumvarpinu er auk þess lagt til að rekstrarleyfishafi geti ekki lengur óskað eftir því að honum verði tryggt endurgjald fyrir erlendar póstsendingar.

Í greinargerð með frumvarpinu er því m.a. lýst að endastöðvargjald sem rekstrarleyfishafa er heimilt að innheimta samkvæmt endastöðvarsamningi, nægi ekki til að mæta raunkostnaði vegna erlendra póstsendinga. Þjónustan virðist því skila sér í tapi og í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að Íslandspóstur ohf. telji að hluta af fjárhagsvanda fyrirtækisins megi rekja til alþjóðlegra skuldbindinga ríkisins.

Markmiði frumvarpsins er lýst með þeim hætti í greinargerðinni að því sé ætlað að vernda stöðu ríkissjóðs, þ.e. að í stað þess að skattfé sé notað til að niðurgreiða umrædda þjónustu falli gjaldið á viðtaka sendingar. Neytendasamtökin telja að stíga verði varlega til jarðar þegar gera eigi breytingar sem kunna að koma harkalega niður á neytendum. Í núverandi lögum um pósthjónustu nr. 19/2002 er kveðið á um að gjaldskrár skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustu að viðbættum hæfilegum hagnaði. Í lögnum kemur jafnframt fram að gjaldskrá rekstrarleyfishafa sé háð samþykki og eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar. Í lögnum er aftur á móti ekki kveðið á um neinn hámarkshagnað á seldri þjónustu.

Neytendasamtökin telja þar með að lítið sé því til fyrirstöðu að með sérstakri gjaldskrá vegna erlendra sendinga verði lagt meira á neytendur en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna. Samtökin leggja áherslu á að tryggja verði gagnsæi og öflugt eftirlit með slíkum gjaldskráum.

Neytendasamtökin telja að aðrar leiðir séu færar til að stemma stigu við það rekstrartap sem umrædd þjónusta virðist leiða af sér svo sem að beita sér fyrir því að UPU endurskoði skilgreiningu aðildarríkja. Það liggur fyrir að hlutfall erlendra póstsendinga frá Kína hefur farið ört vaxandi frá því að gerður var fríverslunarsamningur við ríkið, UPU skilgreinir Kína sem þróunarríki og hefur það í för með sér að skipting póstburðargjalda er rekstaraðila hér á landi óhagstætt.

Neytendasamtökin telja einnig athyglisvert að engin gögn virðast liggja fyrir, um hvernig umfang taps rekstrarleyfishafans vegna framangreindrar þjónustu er reiknað út. Ef að slík gögn lægju fyrir væri hægt að leggja betra mat á hvort að hagræðing í rekstri leyfishafans væri nærtækari en að opna á heimild til að gera gjaldskrá og láta neytendur brúa bilið.


Í greinargerð með frumvarpinu er kveðið á um að verði frumvarpið að lögum muni það einkum leiða til aukins kostnaðar þeirra sem að eiga í viðskiptum við erlendar netverslanir. Þar kemur einnig fram að frumvarpið kunni að hafa jákvæð áhrif á samkeppnisstöðu innlendra verslana gagnvart erlendum netverslunum. Þessu mótmæla samtökin. Neytendasamtökin telja að framangreindar breytingar gætu skilað sér í hærra vöruverði til neytenda enda hljóta verslanir að vera meðvitaðar um það verð sem að neytendum býðst í gegnum erlendar netverslanir er selja sambærilegar vörur. Ef að kostnaður neytenda við að kaupa vörur í gegnum erlendar netverslanir eykst getur það dregið úr samkeppni og gefið innlendum verslunum aukið færi til hækkana.

Neytendasamtökin gagnrýna jafnframt þá flýtimeðferð sem að einkennir frumvarp þetta og ítrekar að stíga verði varlega til jarðar þegar mál varðar hagsmunum neytenda með framangreindum hætti. Engir útreikningar virðast liggja til grundvallar þeim breytingum sem boðaðar eru í frumvarpi þessu og umsagnaraðilum gefin skammur tími til að kynna sér innihald til hlítar.

Neytendasamtökin leggja til að umfang kostnaðar verði reiknað út áður en að frumvarpið fær afgreiðslu, að öðrum kosti munu þær breytingar sem eru boðaðar með frumvarpi þessu fela í sér mikla óvissu fyrir neytendur.

Virðingarfyllst,

f.h. Neytendasamtakanna



Breki Karlsson, formaður